

Besta örorkutryggingin

- Hver er örorkutrygging lífeyrissjóða?
- Hvaða lífeyri greiða lífeyrissjóðir ef sjóðfélagar verða óvinnufærir vegna sjúkdóma eða slysa?
- Borgar sig fyrir sjóðfélaga að bæta við sig tryggingum?

Örorkulífeyrir lífeyrissjóða er besta og ódýrasta tryggingin gegn tekjumissi vegna örorku sem völ er á. Ef sjóðfélagar missa starfsorku sína vegna slysa eða sjúkdóma greiða sjóðirnir örorkulífeyri til æviloka (örorkulífeyrir breytist í ellilífeyri þegar sjóðfélagar ná eftirlaunaaldri). Örorka og óvinnufærni er algengari en flestir halda. Sem dæmi má nefna að að þrjátíu konur og tuttugu karlar af hverjum þúsund á aldrinum 35 ára eru öryrkjar. Af þeim sem eru vinnufærir 35 ára verða 29% kvenna óvinnufærar fyrir 65 ára aldur og 23% karla. Örorkutíðnin hækkar með aldrinum.

Fjárhæð örorkulífeyris er miðuð við áunnin ellilífeyrisréttindi en virkir sjóðfélagar fá framreikning sem þýðir að þeir fá

örorkulífeyri eins og þeir hefðu greitt iðgjöld af meðallaunum síðustu þriggja ára fyrir orkutap til eftirlaunaaldurs. Skilyrði fyrir framreikningi eru mismunandi en yfirleitt er örorkulífeyrir framreiknaður ef sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili, í þrjú af síðustu fjórum árum og ef hann hefur ekki misst starfsorkuna vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Örorkulífeyrisþegar fá einnig greiddan barnalífeyri með hverju barni undir 18 ára aldri (20 ára hjá Almenna lífeyrissjóðnum) frá þeim sjóði sem þeir greiddu síðast til (þurfa að hafa verið virkir greiðendur fyrir orkutap).

Örorkulífeyrir lífeyrissjóða

Örorkulífeyrir

Áunnin réttindi

Réttindi sem sjóðfélagi hefur áunnið sér fyrir þegar greidd iðgjöld

+

Framreiknuð réttindi

Ef sjóðfélagi er virkur greiðandi er reiknað hvaða réttindi myndu ávinnast ef viðkomandi hefði greitt áfram í sjóðinn til 65 ára aldurs.

=

Heildarréttindi

Fjárhæð örorkulífeyris er samtalan af áunnum réttindum og framreiknuðum réttindum.

Örorkulífeyrir greiðist til 70 ára aldurs og þá hefjast greiðslur ellilífeyris.

Dæmi um örorkulífeyri í Almenna lífeyrissjóðnum

37 ára sjóðfélagi er með 560 þús. kr. í laun á mánuði. Hann hefur greitt í sjóðinn í 13 ár og áunnið sér rétt á 120 þús. kr. á mánuði í ævilangan ellilífeyri frá 70 ára aldri.

Sjóðfélaginn verður óvinnufær og sækir um örorkulífeyri.

+

Sjóðfélaginn er virkur greiðandi og fær því framreikning. Við það hækkar örorkulífeyririnn um 147 þús. kr. á mánuði.

=

Örorkulífeyrisgreiðslur verða samtals 267 þús. kr. á mánuði (120+47) eða 48% af núverandi launum.

Til viðbótar fær hann barnalífeyri með hverju barni til 20 ára alduers (28.677 hjá Almenna lífeyrissjóðnum í maí 2011).

Lífeyrissjóðir greiða örorkulífeyri ef sjóðfélagar verða óvinnufærir vegna sjúkdóma eða slysa. Örorkulífeyrir samanstendur af áunnum réttindum og framreikningi við ákveðin skilyrði.

Sjóðfélagi fær greiddan örorkulífeyri ef hann verður fyrir tekjumissi vegna slyss eða sjúkdóms sem skerðir getu hans til að gegna því starfi sem veitti honum aðild að lífeyrissjóðnum en að þremur árum liðnum er miðuð við hæfni hans til almennra starfa. Hjá flestum lífeyrissjóðum er miðuð við að orkutapið sé 50% eða meira og að sjóðfélaginn

hafi greitt í lífeyrissjóð í að minnsta kosti tvö ár. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% til 100%. Örorkulífeyrir getur aldrei orðið hærri en tekjumissirinn sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir. Örorkulífeyrir lækkar eða fellur niður ef örorkan minnkar eða hverfur.

Áunnin réttindi geymast ef sjóðfélagi hættir að greiða í lífeyrissjóð, til dæmis ef hann skiptir um vinnu og um lífeyrissjóð í leiðinni eða ef hann má og tekur ákvörðun um að skipta um lífeyrissjóð. Ef hann verður öryrki seinna á ævinni á hann rétt á örorkulífeyri hjá fyrri sjóðum sem miðast þá við áunnin réttindi eingöngu. Til að koma í veg

fyrir að framreikningsréttindi glatist þegar einstaklingar skipta um lífeyrissjóð hafa sjóðirnir gert með sér samkomulag til að koma í veg fyrir réttindatap og um skipti á framreikningi ef sjóðfélagi verður öryrki fyrstu árin eftir að hann skiptir um lífeyrissjóð.



Allir verða fyrir áföllum um ævina. Stundum hafa þau áhrif á fjármálin og það þarf að gera ráð fyrir því og gera ráðstafanir til þess að draga úr afleiðingum þeirra. Hér koma nokkrar ráðleggingar um ráðstafanir til að draga úr tekjumissi vegna örorku.

- Tryggðu þig sérstaklega fyrstu árin á vinnumarkaði. Þeir sem eru að hefja störf á vinnumarkaði þurfa að gera sérstakar ráðstafanir fyrstu árin því það tekur nýja sjóðfélaga yfirleitt þrjú ár að öðlast rétt á framreiknuðum réttindum. Þetta þýðir að ungt fólk sem er að hefja störf á vinnumarkaði er í raun án örorkutryggingar fyrstu árin á vinnumarkaði.
- Tímabundin fjarvera af vinnumarkaði kallar á ráðstafanir. Þeir sem hverfa tímabundið af vinnumarkaði, t.d. vegna barneignarleyfis, atvinnuleysis eða náms, ættu að kynna sér hvaða áhrif tímabundin fjarvera hefur á lífeyrissjóðinn. Ef tekjur minnka eða falla niður vegna fjarveru lækka framreikningsréttindi eða falla niður. Þegar sjóðfélagi hefur störf aftur tekur sex mánuði að öðlast framreikningsrétt að nýju. Þar sem framreikningur tekur mið af meðallaunum síðustu þriggja ára tekur allt að þrjú ár að ná aftur fullum framreikningsrétti. Hjá ungu fólki vega framreikningsréttindi mjög þungt og þess vegna er mjög áriðandi að huga að áhrifum breyttra aðstæðna á örorkulífeyri og gera ráðstafanir til að tryggja sig á annan hátt.
- Þekktu hvernig þú ert tryggður vegna örorku. Kynntu þér hvaða réttindi þú átt í lífeyrissjóðum og bætur persónutrygginga sem þú hefur keypt eða nýtur með öðrum hætti. Ákvæði um örorkulífeyri eru breytileg milli lífeyrissjóða og þess vegna er mikilvægt að sjóðfélagar kynni sér hvaða reglur gilda í þeim sjóðum sem þeir greiða í eða hafa greitt í á starfsævinni. Besta heimildin eru samþykktir viðkomandi lífeyrissjóða.
- Skoðuðu hvort þú þurfir meiri tryggingar. Þrátt fyrir full lífeyrissjóðsréttindi má halda því fram að flestir hafi þörf fyrir viðbótarörorkutryggingar sem hægt er að kaupa hjá tryggingafélögum. Örorkulífeyrir lífeyrissjóða er í flestum tilvikum nálægt 40–50% af launum en yfirleitt er mælt með því að örorkubætur séu á bilinu 60% til 70% af launum.

Tryggingaþörf einstaklinga er mismunandi vegna ólíkra fjölskylduaðstæðna og fjárhagsskuldbindinga. Almennt má segja að tryggingaþörfin sé meiri eftir því sem fleiri einstaklingar eru á heimilinu og eftir því sem skuldir eru meiri. Ef tekjur lækka eða falla niður vegna starfsorkumissis þarf

áfram að framfleyta heimilinu og greiða af skuldum. Lífið heldur áfram og þökkalegur fjárhagur hjálpar til við að venjast nýjum aðstæðum og getur jafnvel skipt sköpum um lífsgæði í framtíðinni.



Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að hitta ráðgjafa á **stöðufundi** um lífeyrissjóðinn. Á stöðufundinum er farið yfir réttindin sjóðfélaga og bent á leiðir til að bæta við eftirlaunin og verjast áföllum vegna örorku eða fráfalls. Þú getur pantað stöðufund **hér**.
- Á **sjóðfélagavef** Almenna lífeyrissjóðsins getur þú séð hvaða áfallalífeyri sjóðurinn greiðir við starfsorkumissi eða fráfall.
- Í **Lyklinum** (reiknivél með ráðgjöf) sem er aðgengilegur á sjóðfélagavefnum finnur þú ráðleggingar um viðbótartryggingar og þar getur þú sótt um líf- og heilsutryggingar hjá Sjóvá.

Fræðslugreinar Almenna lífeyrissjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtist í greinunum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.